

Náttúruverndarstofnun

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 Akranesi

Garðabær, 13. mars 2025
202502-0078/A.B.
08.01

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 - Hólabrúarnáma - Innri-Hólmur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 vegna stækkunar á Hólabrúarnámu.

Í greinargerð kemur fram að gerð verður breyting á stærð Hólabrúarnámu (E13 InnriHólmur) og því efnismagni sem heimilt er að nýta úr námunni. Náman hefur lengi verið nýtt til efnistöku en verður nú stækkuð um 2 ha og heimiluð efnistaka aukin um 250.000 m³. Landbúnaðarsvæði minnkar sem því nemur.

Tilgangur framkvæmdar er að halda áfram núverandi efnistöku á svæðinu til að mæta efnisþörf til vegagerðar, malbikunarframkvæmda og mannvirkjagerðar. Árleg vinnsla er áætluð um 60.000 m³.

Landslag

Náttúruverndarstofnun tekur undir sem kemur fram í greinargerð að frekari efnistaka í Hólabrú mun hafa talverð neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Unnt er að takmarka þessi áhrif að mati Náttúruverndarstofnunar m.a. með viðhaldi jarðvegsmana við jaðra námunnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ingibjörg M. Bjarnadóttir
sérfræðingur